

HERMANN PÁLSSON

## UNDE VENIT UNDA?

Í SEXTUGASTA kafla Laxdælu eru glögglega rakin orðaskipti þeirra Guðrúnar Ósvífursdóttur og Þorgils Höllusonar, er hann lofast til að koma fram hefndum fyrir víg Bolla Þorleikssonar og hún heitir honum að launum 'at giptask engum manni qðrum samlendum en honum; en ek ætla ekki at giptask í qnnur lqnd.' Þorgils þykir nú þetta vel mega fyrir bíta og gengur í gildruna, en eftir víg Helga Harðbeinssonar áttar hann sig loks á ginningunni, þegar Guðrún gefur skýringu á tvíræðu orðalagi í loforðinu: 'Þykkjumk ek enda við þik qll ákveðin orð, þó at ek giptumk Þorkatli Eyjólfssyni, því at hann er nú eigi hér á landi.' Þá mælti Þorgils og roðnaði mjög: 'Gqrla skil ek, *hvaðan alda sjá rennr undir*; hafa mér þaðan jafnan kqld ráð komit; veit ek, at þetta eru ráð Snorra goða.' (65. kap.) Síðar í sögunni (68. kap.) segir Þorkell: 'Djúpt standa ráð þín, Snorri.'

Svipað orðtak er í Ölkofra þætti. Svo hagar til að sex höfðingjar og eigendur Goðaskógar, sem Ölkofri brenndi óviljandi að köldum kolum, koma sér saman um að hagnast af slysinu, og fellur í hlut Skapta lög-sögumanns að stefna Ölkofra um skógarbrennuna og 'lét varða skóg-gang.' Eins og þeir Sámur og Þorbjörn í Hrafnkels sögu leitar Ölkofri hjálpar á Alþingi, en enginn maður vill heita honum liði. Að lokum sér Broddi Bjarnason aumur á honum og gefur ráð sem duga. Málið fer þannig að Skapti og Guðmundur ríki ætla að kveða upp dóm og ákveða skaðabætur, eftir að Ölkofri virðist hafa samþykkt að hlíta úrskurði þeirra, en þá bregður svo undarlega við að Ölkofri segir: 'Því neitaða ek allan tíma, at þeir skyldu gera, en svá var skilit í handlagi, at ek skylda kjósa tvá menn til, þá er ek vilda.' Þegar leitað er um handsalavætti og mönnum kemur ekki saman um hversu skilið var, segir Skapti: '*Hvaðan rann sjá alda undir*, Ölkofri? Sé ek at þú heldr noqkkuru rakkara halanum en fyrir stundu áðan, eða hverja menn muntu kjósa til gqrðar?' Ölkofri kys þá Brodda og Þorstein mág hans, og þeir gera einar sex álnir hverjum eiganda skógarins í skaðabætur.

Í hvorutveggju frásögn glepur lögkænn og djúpvitur maður annan eða aðra með tvíræðu orðalagi. Orðtakið 'hvaðan rennr (rann) alda sjá undir' hlýtur að minna nútímalesanda á orðið *undiralda*, en eftir orða-bókum að dæma virðist það ekki koma fyrir í fornunum ritum. Náttúru-myndin í orðtakinu gegnir ákveðnu hlutverki: upptök ráðagerða eru fyrst dulin fyrir mönnum, á svipaðan hátt og undiralda í logni verður ekki skýrð á einfaldan hátt. Hér hefur verið lagzt djúpt til ráða, en djúpt vatn leynir á sér. (Innan sviga langar mig til að minna á einhverja skemmtilegustu og sérstæðustu spurninguna í fornritunum, þótt hún sé ætluð í öðrum tilgangi: 'Hvaðan er logn úti?' er spurt í Áns sögu bog-sveigis.)

Eins og ég hef bent á hingað og þangað í pistlum um fornsögurnar, þá geyma þær ýmsar setningar sem komnar eru úr latneskum ritum, enda eru lærdómsáhrif á sögurnar miklum mun meiri en menn hafa yfirleitt gert sér grein fyrir. Þegar ég var að rannsaka Hugsvinnsmál um árið, kom mér til hugar að orð þeirra Þorgils og Skapta kunnri að vera runnin þaðan, eða öllu heldur þó frá latnesku fyrirmyndinni, *Disticha Catonis* IV 31:

Demissos animo ac tacitos vitare memento:  
quod flumen placidum est, forsan latet altius unda.

Lausleg þýðing hljóðar svo: 'Mundu að forðast þögla og þunglynda menn, því að aldan (þ. e. vatnið) kann að leynast dýpri þar sem fljótið er lygnt.' Viturlegt þótti að varast þá sem leggjast djúpt til ráða.

Hér eins og víðar þegar verið er að kanna áhrif Hugsvinnsmála á íslenzkar fornþókmenntir, nægir ekki að hlíta íslenzka textanum einum saman. Því má gera skóna að Hugsvinnsmál hafi verið til í sundurleitum myndum og tekið ýmiss konar breytingum frá því að latínukennsla hófst hérlandis á síðara hluta elleftu aldar og fram yfir siðaskipti, og munu ýmis spakmæli úr *Disticha Catonis* hafa komizt á kreik án þess að Hugsvinnsmála nyti við. Orðtakið 'hvaðan rennr (rann) alda sjá undir?' er auðsæilega frá annarri þýðingu en 134. erindi Hugsvinnsmála:

Mikit vatn  
gerir mörqum skaða,  
þótt falli eigi straumar strítt.  
Svá er seggr,  
slægr ok langþögull;  
þorð er við þeim at sjá.<sup>1</sup>



Að minnsta kosti varðveitir orðtakið í Laxdælu og Ölkofra þætti hugmyndina um 'öldu'. Hvað sem því líður er skemmtilegt til þess að vita að alda (*unda*) er þar ekki einungis til staðar og einnig orðið 'hvaðan' sem á latínu hljómar býsna líkt (*unde*), heldur er eins og smáorðið *undir* sé eins konar bergmál frá þessum tveim latnesku orðum.

Hylur djúpur hylur, segja menn. Enski málshátturinn 'Still waters run deep', sem tíðkaðist í ýmsum myndum fyrr á öldum, virðist vera runninn frá sama versinu í *Disticha Catonis* og sú ófróðlega spurning 'hvaðan er alda sjá runnin'. En elztu dæmin á ensku eru í þýðingu á *Disticha* frá lokum fjórtándu aldar.<sup>2</sup> Þó mun best að ljúka þessum pistli með latneskum málshætti sem varar menn bæði við þegjandi hundi og þöglu vatni: 'Cave tibi a cano muto et aqua silenti.'<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Um sundurleita leshætti sjá Birgitta Tuvestrand, *Hugsvinnsmál. Handskrifur och kritisk text* (Lund 1977), 144.

<sup>2</sup> Bartlett Jere Whiting & Helen Wescott Whiting, *Proverbs, Sentences Proverbial Phrases from English Writings Mainly Before 1500* (Cambridge, Mass. og London 1968), 628. — William Georg Smith, *The Oxford Dictionary of English Proverbs*. Third Edition (Oxford, 1970), 774.

<sup>3</sup> *Stevenson's Book of Quotations*. Tenth Edition (London 1974), 2126.